

Selfossi 26. ágúst 2026.

Til Bæjarstjórnar Árborgar


c/o Bragi Bjarnason bæjarstjóri.

Sæll Bragi, fram undan er fundur hjá sóknamefnd Selfosskirkju, hann verður þriðjudaginn 22. sept. n.k. Ég tel mikilvægt að þá liggi fyrir staða mála varðandi nýjan kirkjugarð. Okkur berast þær fregnir að ekki sé komið erindi frá Árborg til Flóahrepps varðandi framtíðar uppbyggingu nýs kirkjugarðs. Þar hafi málið ekki verið tekið fyrir af þeim sökum. Vonandi skilja menn að það tekur lengri tíma að byggja upp nýjan kirkjugarð en haldið er. Það er nauðsynlegt að skýrar línur fari að koma í þetta mikilvæga mál. Ég vænti upplýsinga frá bæjarstjórn fyrir fundinn.

Síðan spyr ég út í samninginn sem sveitarfélagið gerði við kirkjuna varðandi allt æskulýðsstarf sem fram fer í kirkjunni. Á sínum tíma var gerður samningur við kirkjuna og starfið metið til jafns við önnur þau félög sem standa að unglinga og æskulýðsstarfi. Þegar þrengdi að í fjármálum sveitarfélagsins var þetta framlag slegið af, af eðlilegum ástæðum. Nú má sjá að undirritun samninga við hin ýmsu félög og stofnanir eru að raungerast og er það vel, fjárhagur sveitarfélagsins að rétta við. Tel ég því rétt að fara fram á að gerður verði samningur við kirkjuna eins og áður var.

Með von um jákvæð viðbrögð og góðan skilning.

f.h. Selfosskirkju



Björn Ingi Gíslason, formaður sóknamefndar.